

4.888,50 auk orlofs kr. 407,20 eða samtals kr. 5.295,70. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 1.206,39, sem eru vinnulaun, sem stefnandi vann sér inn á tímabilinu. Kemur þá út fjárhæðin kr. 4.089,31, sem stefnandi krefur stefnda nú um. Þessum útreikningi hefur stefndi ekki hnekktt, og verður hann lagður til grundvallar.

Stefnda var í lófa lagið að senda stefnanda í sumarfrí, svo sem aðrir fiskverkendur gerðu á þessum tíma. Það gerði stefndi ekki. Fallast ber á með stefnanda, að stefndi geti ekki eftir á ákveðið, að stefnandi skyldi teljast vera í sumarleyfi á því tímabili, sem hér um ræðir. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.089,31 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 5.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskvinnslan h/f, greiði stefnanda, Friðu Sigurðardóttur kr. 4.089,31 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1985.

Nr. 248/1984. **Sigrún Ólafsdóttir**

gegn

Guðbjörgu Ólafsdóttur

Ragnari Þórðarsyni

Rut Ólafsdóttur

Sigrúnu Magnúsdóttur Holt og

Sigurði Ólafssyni

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti kvað upp hinn kærða úrskurð. Sónknaðili hefur með vísun til 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsréttar Akraness, sem upp var kveðinn 22. október 1984 og lögmanni sóknaraðilja var kunngerður 9. nóvember. Kæran er dagsett 20. nóvember sl. Skjöl málsins bærust Hæstarétti 14. desember sl. Sónknaðili gerir þessar kröfur:

„1. Að hinum kærða úrskurði verði hrundið á þann veg að hæstbjóðandi í fasteignina Skagabraut 26, Akranesi verði leystur frá boði sínu vegna vanefnda á greiðslu uppboðsandvirðis, en til vara að hæstbjóðanda verði gert að greiða sameigendum fasteignarinnar vanskilavexti ofan á uppboðsandvirði eignarinnar eftir því sem það féll í gjalddaga samkvæmt skilmálum þeim er giltu við uppboðið.

2. Að rekstarskuldir, sem hvíla á eigninni, skuli greiddar af uppboðsbeiðanda, Sigrúnu Magnúsdóttur f.h. dánarbús Páls Jóhannssonar og Kristínar Lúðvíksdóttur. 3. Að umbj.m. verði tildæmdur hæfilegur kærúmálskostnaður.

Til vara er þess krafist að málinu verði á ný vísað til uppboðsréttar Akraness, meðferð málsins og úrskurður frá 8. október 1984 (sic) verði ómerktur og uppboðshaldara verði gert að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar og úrskurðar.“

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir nema frá Sigrúnu Magnúsdóttur Holt. Hún krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

Hinn 25. janúar 1984 krafðist Guðmundur Markússon hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd dánarbúa hjónanna Páls Jóhannssonar og Kristínar Lúðvíksdóttur, að fasteignin Skagabraut 26 á Akranesi yrði seld á uppboði til slita á sameign. Samkvæmt gögnum máls er skiptum nú lokið á dánarbúunum, og hefur einkadóttir Kristínar, varnaraðilinn Sigrún Magnúsdóttir Holt, fengið í arf eignarhluta dánarbúanna, sem er $\frac{2}{3}$ hlutar eignarinnar. Eigendur $\frac{1}{3}$ hluta eru aðrir aðiljar málsins, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurður Ólafsson, Ruth Ólafsdóttir, Guðbjörg Ólafsdóttir og Ragnar Þórðarson.

Uppboð fór fram 25. apríl 1984. Annað uppboð fór fram 23. maí. Ekki verður séð af skjölum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hver var aðdragandi þess, að efnt var til þessa uppboðs, en það atriði er eigi ágreiningsefni hér fyrir dómi. Á uppboðinu

í maí gerði umboðsmaður Sigrúnar Magnúsdóttur Holt hæsta boðið, og kemur fram í málsskjöllum, að það boð hafi verið samþykkt 6. júní. Uppboðshaldari samdi síðan frumvarp að úthlutunargerð, sem sent var uppboðsaðiljum í ábyrgðarbréfum 25. september. Sagði þar, að skila bæri athugasemdum eigi síðar en 11. október, en þá yrði þingað í uppboðsrétti um málið. Af frumvarpinu verður ráðið, að Sigrún Magnúsdóttir Holt hafi þá staðið skil á uppboðsandvirðinu. Í greinargerð lögmanns hennar hér fyrir dómi kemur fram, að uppboðsafsal hafi enn ekki verið gefið út.

Áður en dómþingið var haldið 11. október 1984, sendi Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, umboðsmaður sóknaraðilja, uppboðsrétti Akraness bréf fyrir sóknaraðilja hönd. Er það dagsett 27. september. Þar segir m.a.:

„Vegna sölu ofangreindrar fasteignar á nauðungaruppboði þann 23. maí síðast liðinn og frumvarps yðar, herra bæjarfógeti, að úthlutunargerð á uppboðsandvirði fasteignarinnar þá hefur umbj.m. Sigrún Ólafsdóttir, sem er ein uppboðsþolenda, falið mér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp yðar og jafnframt að mótmæla því:

Í *fyrsta lagi* vill umbj.m. að hæstbjóðandi í eignina verði leystur frá boði sínu vegna vanefnda hans á að greiða uppboðsandvirðið samkvæmt þeim skilmálum sem frammi lágu þegar uppboð eignarinnar fór fram.

Verði ekki fallist á þetta krefst umbj. þess til vara að uppboðs-kaupanda verði gert að greiða vanskilavexti . . .

Þá mótmælir umbj.m. því sérstaklega að rekstrarskuldir, sem eru með lögveði í eigninni, verði dregnar frá andvirði hússins . . .“

Kröfur sóknaraðilja voru að málflutningi loknum teknar til úrskurðar á þinginu 11. október, og síðan var kveðinn upp úrskurður sá, sem hér er til umfjöllunar.

Með hinum kærða úrskurði hefur uppboðshaldari vísað aðal-kröfu sóknaraðilja um „riftun“ og varakröfu hans um „vanskilavexti“ frá uppboðsréttinum. Þó að réttara hefði verið að formi til að hafna kröfunum, sætir úrlausnin kæru eftir b lið 1. tl. og 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í úrskurðinum kemur ekki glögglega fram, að uppboð á Skagabraut 26 fór fram til sameignarslita. Ekki eru tilgreind eignarhlutföll

eða nöfn allra eigenda, sem jafnframt eru málsaðiljar. Allir mundu þeir verða bundnir af úrskurði um aðalkröfu sóknaraðilja, eins og í úrskurðinum er tekið fram, en ekki verður séð, að uppboðsahaldari hafi, eins og honum bar, gefið þeim öllum kost á að tjá sig um kröfuna. Í úrskurðarorði er ekki vikið sérstaklega að úrlausninni um þetta atriði. Ekki verður séð, hvenær og hvernig varnaraðilinn Sigrún Magnúsdóttir Holt greiddi uppboðsandvirðið.

Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og þá einnig þau atriði hans, sem varða frumvarpið til úthlutunargerðar, þó að úrlausn uppboðshaldara um það sæti áfrýjun eftir d lið 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973, en úrlausnin verður að þessu leyti aðeins virk, ef áður hefur verið skorið úr um, hvort aðalkrafa sóknaraðilja verður tekin til greina. Jafnframt verður að ómerkja meðferð uppboðsréttarmálsins frá og með þinghaldi 11. október 1984.

Það athugast, að í bréfi lögmanns sóknaraðilja 27. september eru settar fram kröfur, sem sumar varða uppboðssölu Skagabrautar 26, en aðrar úthlutun uppboðsandvirðis. Var rétt að úrskurða kröfurnar í tvennu lagi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði uppboðsréttarúrskurður og meðferð málsins í uppboðsrétti Akraness frá og með þinghaldi 11. október 1984 er ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Akraness 22. október 1984.

Í uppboðsdómi Akraness hinn 23. maí sl. var húseignin Skagabraut 26 hér í bæ seld á opinberu nauðungaruppboði að kröfu eins sameigenda hennar, Sigrúnar Magnúsdóttur.

Hæstbjóðandi varð uppboðsbeiðandi og varnaraðili máls þessa, og var boð hennar kr. 630.000,00 samþykkt.

Frumvarp að úthlutunargerð liggur frammi í réttinum. Það var sent uppboðspolum í ábyrgðarbréfi 25. september sl.

Engar athugasemdir hafa komið fram við frumvarpið utan athugasemdir

Sigrúnar Ólafsdóttur, sem er ein uppboðspóla og sækjandi máls þessa. Hún krefst þess aðallega, að kaupunum verði rift vegna vanefnda uppboðskaupanda að greiða uppboðsandvirðið í samræmi við þá skilmála, sem fyrir lágu, er húseignin var seld. Til vara krefst hún þess, að uppboðskaupanda verði gert að greiða vanskilavexti af kaupverðinu, eftir því sem það féll í gjalddaga, til þess dags, er það var greitt, og tekið verði tillit til þess við úthlutun uppboðsandvirðisins. Til þrautavara krefst hún þess, að rekstrar-skuldir búsin verði einungis til frádráttar eignarhluta uppboðsbeiðanda. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Sóknaraðili styður kröfur sínar aðallega og til vara við 1. mgr. 35. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Til þrautavara reisir sóknaraðili kröfur sínar á því, að óeðlilegt verði að telja, að henni beri að greiða rekstrargjöld hússins, þar sem hún hafi ekki haft vörslu þess.

Uppboðsbeiðandi, varnaraðili máls þessa, hefur mótmælt kröfum sóknaraðilja, aðallega, til vara og þrautavara og krefst þess, að úthlutun fari fram í samræmi við frumvarpið. Loks krefst varnaraðili málskostnaðar.

Niðurstaða.

Þegar aðalkrafa sækjanda er virt, er óhjákvæmilegt að úrskurðarorð bindi ekki sameigendur sækjanda og aðra uppboðspólandur, en þar eð ekkert er fram komið, að þeir mótmæli frumvarpinu, ber að vísa aðalkröfu sækjanda frá dómi án kröfu, sbr. 46. gr. eml. nr. 85/1936 og sbr. 4. gr. uppboðsl. nr. 57/1949.

Hvað varakröfu sækjanda áhrærir er þess að gæta, að það heyrir ekki undir uppboðsdóm að dæma um vanefndabætur verði uppboðskaupandi vís að því að standa ekki við uppboðsskilmála þá, sem honum hafa verð settir, sbr. 3. mgr. 35. gr. uppboðslaga.

Varðandi þrautavarakröfu sækjanda liggur fyrir í málinu, að d/b Kristínar Lúðvíksdóttur var tekið til einkaskipta og einkaskiptum lauk 18. janúar 1983.

Eftir þann tíma var eignin sett í einkasölu. Einkasala náði ekki fram að ganga, m.a. fyrir ósamþykki sækjanda máls þessa. Telja verður, að húseignin Skagabraut 26 hafi verið í vörslu sameigenda allra, þegar einkaskiptum var lokið, en þar eð sækjandi hefur ekki gert neinn reka að því að upplýsa upphæð eða tegund þeirra gjalda, sem stofnaðist fyrir þann tíma, þykir ekki fært að taka kröfu hans til þrautavara til greina.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Úthlutun fari fram í samræmi við frumvarp þetta.